



Morgunblaðið, 11.06.2020, síðu 64  
grein stærð: 153.46 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 15.16 sm



Ljósmynd/Vígfús Birgisson

**Þolinmæði** Listamaður vinnur verk á vegg í Hafnarhúsinu eftir forskrift Sols LeWitts heitins, eins helsta forvígismanns hugmyndalistarinnar.

## Leiðsögn um Sol LeWitt

Leiðsögn verður veitt í kvöld kl. 20 um sýninguna Sol LeWitt í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi sem opnuð var 13. febrúar síðastliðinn. Sýninguna vann fjölmennur hópur fólks beint á vegg sýningarsalanna eftir forskrift listamannsins sem lést fyrir þrettán árum, tæplega átt-ræður að aldri. LeWitt var bandarískur listamaður og einn helsti forvígismaður hugmyndalistarinnar. Er þetta fyrsta yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur á verkum LeWitts, spannar þrjátíu ár af ferli hans og „inniheldur mikilvægar veggteikningar og dægurlist frá því snemma á ferlinum, auk síðari verka, þar á meðal nokkurra sem

sýna markverðar umbreytingar á ferli LeWitts á níunda og tíunda áratugnum“, eins og segir á vef safnsins. Segir þar að í hugmyndalist LeWitts séu allar ákvarðanir og skipulag listaverksins fyrirfram ákveðið og hugmyndin verði að vél sem búi til verkið.

Sýningarstjóri *Sol LeWitt* er Lindsay Aveilhé, ritstjóri *Sol LeWitt Raisonné*-veggteikningalistans, og kemur fram á vef Listasafns Reykjavíkur að flókið og viðamiklið sé að setja upp sýningu á borð við þá sem nú er í Hafnarhúsi. Fimm teiknarar frá stúdíói Sol LeWitt komu til landsins og stýrðu gerð sýningarinnar og unnu að henni.